



18. febrúar 2015

Umsagnir um aðgerðaáætlanir verkefnahópa vegna Hvítbókar Mennta- og menningamálaráðherra:

SA og SI sjá mörg tækifæri til breytinga á menntakerfi sem að vissu leyti er úr sér gengið og þjónar ekki hagsmunum nemenda, atvinnulífs né skóla.

Mikilvægt er að breytingar nái til alls skólakerfisins, hvort sem þær eru vegna læsis, námstíma eða starfsmenntun. Leggja samtökin áherslu á samfellt og heildstætt kerfi til að ná bættum árangri.

Tryggja þarf gott og virkt samstarf við fyrirtækin í landinu þegar kemur að því að fjölga nemendum í starfsmenntun þjóðinni allri til hagsbóta.

Samtökin styðja flestar þær breytingar sem hér eru lagðar fram og telja að jafnvel sé tækifæri til að ganga enn lengra. Vilja samtökin í þessu samhengi vísa í tillögur sem lagðar hafa verið fyrir ráðherra frá samstarfshópi skólameistara starfsmenntaskóla, Samtaka atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins.

Í umfjöllun um framlagðar aðgerðaráætlanir eru tekin til þau atriði sem atvinnurekendur hafa áhyggjur af og telja mikilvægt að brugðist verði við.

LÆSI

Læsismarkmið Hvítbókar eru jákvæð og ættu að vera sjálfsagður hluti af skólastarfinu á öllum tímum. Samtökin hafa hins vegar af því miklar áhyggjur að tölu- og upplýsingartæknilæsi líði fyrir skort á þekkingu innan skólakerfisins. Þau lönd sem við alla jafna viljum miða okkur við hafa sérstaklega innleitt þessa mikilvægu þætti í skólana, flest strax í upphafi skólagöngu. Stærðfræðikunnátta og tækniþekking er veikur hlekkur í okkar samfélagi og er nú þegar mikil eftirspurn eftir fólki sem slíka kunnátta. Mun sú þörf vaxa til framtíðar ef marka má spár Cedefop.

Hvað lesturinn sjálfan varðar leggja samtökin áherslu á að byrja sem fyrst á skólagöngu barna. Hafa samtökin þegar varpað fram þeirri hugmynd að tengja skyldukennslu í lestri inn í leikskólann en ríflega 98% barna ganga nú þegar í leikskóla, sem skilgreindur er sem fyrsta skólastigið. Getur þetta einnig verið liður í að nýta tímann betur frá leikskóla til loka framhaldsskóla.

NÁMSTÍMI

Samtökin styðja eindregið styttingu námstíma til stúdentsprófs og hvetja til þess að jafnframt verði horft til grunnskólans þegar til lengri tíma er litið.

Fram kemur í tillögum verkefnahóps að engar sérstakar tillögur verði lagðar fram á námstíma starfsnáms en þó lögð áhersla á að námstími starfsnáms verði almennt styttri en nú er. Þetta er ákveðið áhyggjuefni ekki síst í ljósi þess að flestir framhaldsskólar muni bjóða uppá þriggja ára nám frá haustinu 2015. Er hugsanlegt að þetta hafi neikvæð áhrif á aðsókn í starfsnám sem þegar stendur höllum fæti ímyndarlega séð gagnvart bóknámi. Hefur þetta viðhorf m.a. verið sett fram í skýrslum um eflingu starfsnáms.

Samtökin taka heils hugar undir það að erfitt sé að gera breytingar á einu skólastigi nema skoða þau öll sem eitt samfellt ferli. Það þarf skýrar kröfur til nemenda strax við upphaf skólagöngu og þær þurfa að skila sér uppá framhaldsskólastig.

Mikil áhersla er á náms- og starfsráðgjöf sem er jákvætt. Er því brýnt að tryggja þekkingu þessara ágætu ráðgjafa á starfsmenntun og að markviss þjálfun og ráðgjöf til náms- og starfsráðgjafa á starfsmenntun og atvinnulífinu verði hluti af þeirra háskólanámi. Er þetta mikilvægt ef þáttur náms- og starfsráðgjafa á að fá meira vægi í skólakerfinu.



18. febrúar 2015

STARFSMENNTUN

Í aðgerðaáætlun um starfsmenntun eru talin upp fimm meginmarkmið og verður lítillega snert á hverju þeirra hér:

- 1. Koma á markvissu og skilvirku starfsnámi sem höfðar jafnt til yngri sem eldri nemenda**
Í 1b) er talað um samráð við starfsgreinaráð við að koma á breiðu grunnnámi. Mikilvægt er að skilgreina hvert hlutverk starfsgreinaráðanna á að vera til framtíðar, sjá markmið 4.
Í 1f) er talað um að „ tryggja þarf að hver útgönguleið opni fyrir möguleika á áframhaldandi námi. Við teljum að þar ætti að bætast við „eða styrki nemandann í starfi“.
Í 1h) er talað um að stjórnvöld taki afstöðu til aðgangsstyrkinga. Augljóst er að atvinnurekendur hljóti að koma að þeirri ákvörðun. Starfsgreinaráðin eru síðan skilgreind sem samstarfsaðili og vísun við aftur til þörf á að skilgreina hlutverk þeirra, sjá markmið 4.
- 2. Efla vinnustaðanám og skapa aðstöðu fyrir alla nemendur til að ljúka sínu námi**
Þarna er aftur mikið vægi á starfsgreinaráðunum, sjá markmið 4.
- 3. Byggja upp fagháskólastig til framtíðar**
Við teljum að þetta verkefni þurfi að fara af stað strax á vordögum og vísun aftur í mikilvægi samstarfs og flæðis á milli skólastiga og samstarf við atvinnulíf
- 4. Koma á skilvirkri stjórnslu starfsmenntamála**
Þarna teljum við að atvinnulíf og ráðuneytið þurfi að setjast niður og fara vandlega yfir hlutverk starfsgreinaráða, hvernig þeim er búin vinnuaðstaða, skipunaraðferðir og fleira. Að okkar mati er einnig ljóst að breytingar á ráðunum í kjölfar þeirrar ákvörðunartöku þurfa að gerast strax haustið 2015.
- 5. Fjölga nemendum sem velja starfsnám á framhaldsskólastigi og ljúka því**
5a) Stuðningsnet nemenda er augljóslega mikilvægur þáttur í því að styðja við starfsnámsnema og ljóst að tryggja þarf fjármagn í þetta verkefni.
5b) Verkið er félag, stofnað var sem samstarfsverkefni í atvinnulífinu, með það meginhlutverk að halda Íslandsmót iðn- og verkgreina og styðja við þátttöku nemenda á alþjóðlega mótinu World skills. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur komið að verkefninu sem þjónustusamningi og verkefnið því rekið með þeirri óvissu sem slíkum samningum fylgir. Þarna er tækifæri til að vinna þéttar saman og á markvissari hátt ef vel verður á málum haldið. Einnig er minnst á GERT verkefnið sem enn er á tilraunastigi og ljóst að fyrsti flöskuhálsinn eru verkferlar innan skólanna sem er í mjög föstum farvegi og erfitt að koma nýjum verkefnum inn.


Samtökin undirstrika fyrri áherslur og ábendingar, ekki síst fyrrgreindar áherslur sem settar eru fram með stjórnendum starfsnámskóla. Ljóst er að fjalla þarf sérstaklega um fjármögnun starfsnáms en samtökin leggja áherslu á að það verði gert jafngilt bóknámi.

Jafnframt áskilja samtökin sér að koma með ábendingar nú sem fyrir á öllum stigum málsins.

f.h. Samtaka atvinnulífsins


Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

f.h. Samtaka iðnaðarins


Katrín Dóra Þorsteinsdóttir